



Landsvirkjun

Alþingi
Erindi nr. P 139/457
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 26.11.2010

Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi, þingskjal 204 – 187. mál

Að beiðni Alþingis er hér með lätin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi, þingskjal 204 – 187. mál.

Athugasemdir og ábendingar Landsvirkjunar við frumvarpið eru eftirfarandi:

1. Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða hækkun ríkisábyrgðargjalds úr 0,25% í 0,45%. Hækkunin felur þó í sér aukinn kostnað fyrir fyrirtækið, en Landsvirkjun telur ríkisábyrgðina nauðsynlega til að bæta aðgengi að fjármagni á viðunandi kjörum. Þetta er sérstaklega mikilvægt við núverandi aðstæður á fjármagnsmörkuðum þar sem aðgengi að fjármagni er mjög takmarkað fyrir íslenska aðila. Án ríkisábyrgðar er lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar verulega undir fjárfestingaflokki hjá bæði S&P og Moody's. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar hefur farið ört batnandi á undanförunum misserum og stefnir fyrirtækið að því að ná lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar sem er í fjárfestingaflokki innan fárra ára. Þegar því marki er náð dregur úr gildi ríkisábyrgðarinnar.
2. Varðandi breytingar á lögum um Landsvirkjun, sem frumvarpi þessu tengjast og fram koma í öðru frumvarpi um breytingar á lögum Landsvirkjunar, er mikilvægt að fram komi að Landsvirkjun þurfi ekki að leita heimildar ráðherra fyrir ríkisábyrgð á einstökum lánnum hverju sinni. Lagt er til að við gerð fjárlaga geri Landsvirkjun tillögur um fjármögnun eins og verið hefur með því að senda inn greiðsluáætlun til ráðuneytisins fyrir viðkomandi ár. Við samþykkt lánsfjárlaga verði fyrirhugaðar lántökur Landsvirkjunar því nánast sjálfkrafa með ríkisábyrgð. Landsvirkjun geti þó óskað eftir því sérstaklega að einstök lán verði ekki með ríkisábyrgð, sem yrði þá undantekning frá meginreglunni.

Að öðru leyti vísar Landsvirkjun til umsagnar sinnar um þingskjal 205 – 188. mál.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri